



FJARÐABYGGÐ

Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa skipa

Almennar upplýsingar um höfnina.

Stjórnarsýsluupplýsingar

Útgefið:	28. júní 2012	Endursk. mars. 2016
Höfn:	Fáskrúðsfjarðarhöfn	
Hafnarstarfsemi:	Blönduð hafnarstarfsemi	
Heimilisfang:	Hafnargötu 27	
	750 Fjarðabyggð	
Tengiliður:	Hafnarvörður	
Sími:	474-1305	
Fax:	474-1456	
Tölvupóstur:	hofnrey@fjardabyggd.is	
Fjöldi skipakoma:	209 á árinu 2015	

Tilgangurinn með gerð áætlunargerðarinnar

Tilgangurinn með áætlun Fjarðabyggðarhafna er að uppfylla reglur sem ætlað er að vernda umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum og að því sé skilað til viðurkenndrar förgunar- eða meðhöndlunarstöðvar.

Umfang starfsemi hafnarinnar

Hafnarsvæðið teygir sig eftir allri strandlengjunni framan við byggðina og eru hafnarkantarnir sem á því eru eftirtaldir: Ytri-löndunarkantur, innri-löndunarkantur, Fiskeyrarbryggja, bæjarbryggja, hafskipabryggja og smábátahöfn.

Vöruflutningar er orðnir fátíðir frá Fáskrúðsfirði ef frá er talið flutningar á fiskafurðum s.s. mjöli og lýsi en megnið af öðrum fiskafurðum fer í gáma og er keyrt í burtu þó einstaka skip komi til að taka frosnar afurðir.

Móttökubúnaður úrgangs á höfninni

A. Þörf fyrir aðstöðu og búnað til móttöku úrgangs á höfninni.

Tafla 1 sýnir fjölda þeirra skipa og tegundir, sem notuðu hafnaraðstöður hafnarinnar á árinu 2015.

Tegund skipa	Fjöldi notenda 2015
Smábátar	17
Stór fiskiskíp	176
Flutningaskíp	33
Afþreyingar skíp	0
Önnur skíp	0



FJARÐABYGGÐ

Tafla 2 sýnir yfirlit yfir þá móttökuflokka og magn hvers flokks sem tekið er á móti hjá höfninni.

	Tegund og gerð móttökubúnaðar	Aðferð við söfnun	Árlegt magna 2015*	Bókf. kostnaður við notkun	Áætlaður kostn. mv. 21,1 kr/kg
Almennur úrgangur (Óflokkaður úrgangur, heimilis- og lífrænn úrgangur)	Gámur 10m ³ og sorptunnur 240 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	Gámur 10m ³ og sorptunnur 240 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	20.290 kg	1.036.217	428.119
Endurvinnanlegur úrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	1.575 kg		
Veiðarfæraúrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað			
Brotajárn	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað			
Spilliefni	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað			
Fljótandi oliuúrgangur	Oliutankur 600 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	Oliutankur 600 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað			
Fljótandi skólþúrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	560 kg		
Annar úrgangur	Eftir samkomulagi milli skips og hafnar	Eftir samkomulagi milli skips og hafnar			
Samtals			22.425	1.036.217	428.119

* Gert er ráð fyrir að meðalþyngd sorps pr. m³ sé 500 kg.

Í töflunni hér að ofan má sjá það magn úrgangs sem tekið var á Fáskrúðsfjarðarhöfn árið 2015. Hefur það sýnt sig að sá búnaður sem þar er til staða er nægjanlegur, enda er brugðist við einstaka toppum eða ef um mikið magn er að ræða með sérferð á sorpflokkunarstöð sveitarfélagsins. Ekki er um neina formeðhöndlun úrgangs að ræða á höfninni, tekið er við honum eins og hann kemur frá skipi og hann settur í viðeigandi móttökubúnað sem til staðar er eða farin er sérferð með úrganginn á sorpmóttökustað sveitarfélagsins. Markmiðið með töflu 2 hér að ofan er að vera með tiltæka flokkun úrgangs til að safna saman upplýsingum um magn úrgangs sem höfnin tekur á móti árlega, hvort heldur er til upplýsingagjafar, kostnaðargreiningar eða nýta við endurskoðun áætlunarinnar síðar.

B. Staðsetning og aðgengi að búnaði til móttöku úrgangs.

Þegar sorpgámum var valin staðsetning var tekið tillit til aðgengis að þeim og skipaumferðar við hafnarkant. Skip og bátar geta losað sig við sorp í sorpílát hafnarinnar. Ef um mikið magn er að ræða er farin sér ferð með úrgang á sorpmóttökustað sveitarfélagsins, er það ýmist gert af hálfu hafnarstarfsmanna eða að kallaður er til vörubíll til að flytja úrganginn frá skipinu.

Fjöldi og tegund íláta fyrir úrgang á höfninni.

Hafskipabryggja

- 1 gámur fyrir almennan úrgang
- Sérferð með timbur og stærri sorpfarma



FJARÐABYGGÐ

Bæjarbryggja

- Allt sorp tekið með sérferðum

Fiskeyrarbryggja

- 1 gámur fyrir almennan úrgang
- Sérferð með timbur og stærri sorpfarma

Innri löndunarbryggja

- 1 gámur fyrir almennan úrgang
- Sérferð með timbur og stærri sorpfarma

Ytri löndunarbryggja

- Sérferð með timbur og stærri sorpfarma

Smábátahöfn

- 2 tonnur fyrir almennan úrgang
- 1 tunna fyrir endurvinnanlegan úrgang
- 1 tunna fyrir spilliefni og olíumengaðan úrgang s.s. olíusúr, tuskur og brúsa.
- 1 tankur fyrir úrgangsolíu

Móttökubúnaðurinn á hafskipabryggjunni er staðsettur á steypu plani í að hámarki 100 metra fjarlægð frá bryggjukanti. Vegna öryggis eru móttökugámarnir staðsettir í jaðri starfssvæðis hafnarinnar.

Enginn móttökubúnaður er á bæjarbryggju en hún er fyrst og fremst notuð til löndunar smábáta og viðlegu, en þar er allt sorp ef til fellur tekið með sérferð.

Móttökubúnaður fyrir Fiskeyrarbryggju er staðsettur á upplýstu, malbikuðu svæði skammt frá kantinum.

Móttökubúnaður fyrir innri-löndunarbryggjuna er staðsettur á upplýstu, malbikuðu plani við hafnarkantinn.

Enginn móttökubúnaður er á ytri-löndunarbryggjunni, en þar er allt sorp ef til fellur tekið með sérferð.

Móttökubúnaður smábátahafnara er staðsettur á uppfyllingu við smábátahöfnina á upplýstu Malbikuðu og hellulögðu svæði.

Gámarnir, körin og tankarnir eru skýrt merktir með stórum merkjum til að ljóst sé hvar móttaka úrgangs sé og skýrt sé hvaða tegund úrgangs sé tekið á mót og hverju EKKI. Ef ekki er móttökuílát fyrir þann úrgang sem þarf að losna við skal haft samband við starfsmann hafnarinnar. Úrgangsmóttakan er nærri ljósi til að tryggja örugga móttöku úrgangs allan sólarhringinn, allan ársins hring. Á mynd 1 má sjá staðsetningu móttökubúnaðar fyrir úrgang á korti á öllum hafnarköntum.

Merkingar sem notaðar eru á móttökuílát úrgangs hjá Fjarðabyggðarhöfnum



FJARÐABYGGÐ



Merki fengin á heimasíðunni www.fenur.is

Um tæmingu úrgangsgáma hefur Íslenska gámafélagið séð um eftir þörfum og í samráði við starfsmenn hafnarinnar. Starfsmenn hafnarinnar hafa séð um tæmingu kara og úrgangsolíutanka með því að kalla til flutningsaðila til að fara með kör á sorpmóttökustöð, móttöku fyrir brotajárn eða kalla til aðila frá olíufélagi til að taka úrgangsolíu.



Mynd 1

C. Staðfesting móttöku úrgangs.

Tilkynningar frá skipum um skil á úrgangi skulu staðfestar með áritun séu þær í samræmi við skilað magna úrgangs. Ef skilað magn úrgangs er umfram það sem fram kemur á tilkynningu frá skipi skal gerð ný skilagrein/móttökutilkynning fyrir móttekið magn.

Þegar tilkynning frá skipum hefur verið móttækin og staðfest er hún skráð inn í skilaform Umhverfisstofnuna þar sem haldið er utan um móttekið magn. Upplýsingunum er síðan skilað til Umhverfisstofnunar í upphafi hvers árs fyrir liðið ár.

D. Móttaka skólps.

Tekið er á móti skólpi frá skipum sé þess óskað, en í þeim tilvikum er kallaður til þjónustuaðili sem hefur yfir að ráða dæluþílum til slíkrar þjónustu.

E. Kostnaður við móttöku úrgangs



FJARÐABYGGÐ

Um kostnað fer skv. gjaldskrá hafnarsjóðs Fjarðabyggðar og gjaldskrá Sorpstöðvar Fjarðabyggðar hverju sinni. Sjá má framangreindar gjaldskrár á heimasíðu hafnarinnar <http://www.fjardabyggd.is/hafnir/fjardabyggdarhafnir/gjaldskra> og gjaldskrá Sorpstöðvar Fjarðabyggðar á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.fjardabyggd.is/stjornsysla/fjarnl-og-rekstur/gjaldskrar>.

Í þeim tilvikum sem notast er við þjónustu annarra þjónustuaðila enn hafnarinnar s.s. vegna olíuúrgangs, skólps eða annars, greiðir notandinn viðkomandi þjónustuaðila skv. hans gjaldskrá.

F. Upplýsingar til notenda

Eins og fjallað er um í lið B hér á undan, eru notaðar greinagóðar merkingar á ílát til móttöku úrgangs, notendum til upplýsinga.

Á hafnarvog má fá upplýsingar í formi einblöðungs, um móttöku úrgangs og meðferð á höfninni og hafnarsvæðum Fjarðabyggðarhafna.

Ef skipstjóri, útgerðaraðili eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar skal hann snúa sér til hafnarstarfsmanna eða beint til framkvæmdastjóra Fjarðabyggðarhafna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til framkvæmdastjóra Fjarðabyggðarhafna á netfangið steinthor.petursson@fjardabyggd.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er eða innan þriggja mánaða frá því að kvörtun barst.

Samráð

Við gerð áætlunarinnar var unnið út frá reynslu undangenginna ára hvað varðar móttöku og meðhöndlun úrgangs og þess samstarfs sem verið hefur við skipstjóra útgerðar- og umboðaðila skipa og aðra notendur hafnanna um móttöku úrgangs. Einnig var haft samband við þjónustuaðila sem starfar við þjónustu skipa á höfninni og útgerðaraðila sem nýtir höfnina nokkuð reglulega. Notendur hafnarinnar eru frá ýmsum stöðum á landinu og mörgum heimshornum og því verður að treysta á að slíkir aðilar komi með ábendingar um hvað betur má fara þegar þjónusta er veitt til að hægt sé að bregðast við því eftir því sem þörf er á.

Úrvinnsla og ábyrgð á framkvæmd

Starfsmenn hafnarinnar halda utan um magn og helstu tegundir úrgangs og er í því sambandi stuðst við eyðublað um móttöku úrgangs, ýmist sem viðkomandi skip er með sjálfst eða ef svo er ekki þá er notað eyðublað hafnarinnar. Sá úrgangur sem er í minna magni og fer í móttöku ílát á hafnarsvæði er vigtaður og skráður inn á eyðublað með skýringum um tegund og magn þegar ílátin eru tæmd fyrir viðkomandi hafnarsvæði.

Ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og skráningu móttækis úrgangs er í höndum hafnarstarfsmanna viðkomandi hafnar.



FJARÐABYGGÐ

Endurskoðun

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 skal endurskoða áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa á þriggja ára fresti, næst árið 2018. Einnig skal hún endurskoðuð ef meiriháttar breytingar verða á rekstri hafnarinnar.

Lög og reglugerðir

Áætlun þessi er unnin í samræmi við ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum.

Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Reglugerð nr. 801/2004 um varnir gegn sorpmengun frá skipum

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku og meðhöndlun á úrgangi og farmleifum frá skipum

Reglugerð nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum

Áætlunin var staðfest af hafnarstjórn Fjarðabyggðar 10. nóvember 2015.

Áætlunin var staðfest af Umhverfisstofnun 13.12.2015

UMHVERFISSTOFNUN
Suðurlandsbraut 24 - 108 Reykjavík
Sími 591-2000 - Fax 591-2010
Kt. 701002-2880

Sigr. Kaistinsd.



FJARÐABYGGÐ

Upplýsingar vegna losunar úrgangs

Tilgangurinn með áætlun Fjarðabyggðarhafna er að uppfylla reglur sem ætlað er að vernda umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum og að því sé skilað til viðurkenndrar förgunar- eða meðhöndlunarstöðvar.

Óski skip eftir að losa úrgang hjá höfninni skal hafa samband við starfsmann hafnarinnar og tilkynna um losun.

Mjóeyrarhöfn	+354-474-1305
Reyðarfjarðarhöfn	+354-474-1305
Norðfjarðarhöfn	+354-477-1333
Eskifjarðarhöfn	+354-476-1199
Fáskrúðsfjarðarhöfn	+354-475-9040
Stöðvarfjarðarhöfn	+354-475-9015
Mjóafjarðarhöfn	+354-893-6770

Þetta á einnig við þegar skip og bátar losa úrgang í þar til gerð sorpílát sem staðsett eru á viðkomandi hafnarsvæði. Tilkynna skal hafnarstarfsmanni um losunina, magn og tegund úrgangs.

Allur úrgangur skal vera flokkaður og umbúðir merktar viðkomandi úrgangsflokki þannig að ekki fari á milli mála um hvers konar úrgang er að ræða.

Allur úrgangur sem settur er í land skal skráður og fær skip afrit af móttökukvittun frá höfninni.

Mynd af staðsetningu sorpmóttökubúnaðar er að finna á heimasíðu hafnarinnar <http://www.fjardabyggd.is/hafnir/fjardabyggdarhafnir/samthykkir-og-log>

Um kostnað fer skv. gjaldskrá hafnarsjóðs Fjarðabyggðar og gjaldskrá Sorpstöðvar Fjarðabyggðar hverju sinni. Sjá má framangreindar gjaldskrár á heimasíðu hafnarinnar <http://www.fjardabyggd.is/hafnir/fjardabyggdarhafnir/gjaldskra> og gjaldskrá Sorpstöðvar Fjarðabyggðar á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.fjardabyggd.is/stjornsysla/fjarml-og-rekstur/gjaldskrar>.

Í þeim tilvikum sem notast er við þjónustu annarra þjónustuaðila enn hafnarinnar s.s. vegna olíuúrgangs, skólps eða annars, greiðir notandinn viðkomandi þjónustuaðila skv. hans gjaldskrá.

Listi yfir þjónustuaðila:

Íslenska Gámafélagið	Leirum	730 Fjarðabyggð	474-1555	Úrgangur
Sjónarás	Hafnargötu 6	730 Fjarðabyggð	474-1516	Úrgangur
Bólholt ehf	Lagarfelli 10	700 Egilsstaðir	471-3000	Skólp
Olíudreifing		730 Reyðarfirði	474-1525	Úrgangsolía
Skeljungur		735 Eskifirði	444-3141	Úrgangsolía

Ef skipstjóri, útgerðaraðili eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar skal hann snúa sér til hafnarstarfsmanna eða beint til framkvæmdastjóra Fjarðabyggðarhafna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til framkvæmdastjóra Fjarðabyggðarhafna á netfangið steinthor.petursson@fjardabyggd.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er eða innan þriggja mánaða frá því að kvörtun barst.

Hafnarverðir



FJARÐABYGGÐ

EYÐUBLAÐ FYRIR MÓTTÖKU ÚRGANGS

Skip: _____

Skr.nr. Skips _____

Dags. _____

LÝSING¹

Magn	Þyngd	Teg. úrgangs	

ÁSTÆÐA LOSUNAR²

UPPLÝSINGAR UM UMBOÐSAÐILA SKIPS		
Nafn:	Sími:	Skipstjóri/yfirmaður skips
Heimili:	Fax:	
Staður:	email:	
Land:	Tengillður:	

Hafnarsjóður Fjarðabyggðar

Hafnargötu 2

730 Fjarðabyggð

Iceland

Undirskrift móttökuaðila: _____

¹ Allir úrgangsflokkar skulu listaðir upp í kaflanum "LÝSING" eða skráningalísti festur við skjalið. Þökkunarlísti skal alltaf festur bæði innan og utan á kassa/ílát/pakka

² Eitt eintak af skjali þessu til skips / eitt eintak til hafnarinnar



FJARÐABYGGÐ

LANDED GOODS FORM

Vessel _____ IMO no. _____

_____ Date _____

DESCRIPTION¹

QTY	WEIGHT	ITEM	

REASON FOR LANDING²

AGENT DETAILS

Name:	Tel:	Master / CE ship
Adress:	Fax:	
City:	email:	
Country:	Contakt:	

Hafnarsjóður Fjarðabyggðar

Hafnargötu 2

730 Fjarðabyggð

Iceland

Signature: _____

¹ All items shall be listed under "DESCRIPTION" or an inventory list is to be attached to this form
Packing list shall be placed both outside as vwell as inside the box /crate/parcel

² One copy vessel / one copy port



FJARÐABYGGÐ

Listi yfir þjónustuaðila:

Íslenska Gámafélagið	Leirum	730 Fjarðabyggð	474-1555	Úrgangur
Sjónarás	Hafnargötu 6	730 Fjarðabyggð	474-1516	Úrgangur
Bólholt ehf	Lagarfelli 10	700 Egilsstaðir	471-3000	Skólp
Olfudreifing		730 Reyðarfirði	474-1525	Úrgangsolía
Skeljungur		735 Eskifirði	444-3141	Úrgangsolía